

Föstudaginn 22. maí 1998.

Nr. 273/1997.

Ákærvaldið

(Bogi Nilsson ríkissaksóknari)

gegn

Birki Herbertssyni

(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.)

Sigurþóri Arnarssyni(Hilmar Ingimundarson hrl.) **og****Sverri Þór Einarssyni**

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Frelsisvipting. Fíkniefni. Ákæra. Aðskilnaður sakar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Gunnlaugur Claessen, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1997 að ósk ákærðu til endurskoðunar, að því er varðar ákæruefni I. kafla ákæru. Ákærvaldið krefst staðfestingar á sakfellingu ákærðu, en að refsing verði þyngd.

Ákærðu krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að dómurinn verði ómerktur og málinu vísað í hérað til nýrrar aðalmeðferðar og dómsálagningar að nýju. Verði ekki af frávísun eða ómerkingu, er krafist sýknu ákærðu, en til vara, að refsing verði milduð.

I.

Ákæran í málinu er með nokkurri ónákvæmni. Hefur þetta að mestu verið leiðrétt í héraðsdómi. Í verknaðarlýsingu fyrri kafla ákæru hefði átt að koma fram, að ætluð frelsisvipting varð í anddyri fjölbýlishússins nr. 22 við Flétturima í Reykjavík, en árásarþoli dvaldist þar á fyrstu hæð á þessum tíma. Ónákvæmni ákæru um þessi atriði verður þó ekki látin varða frávísun hennar frá héraðsdómi.

Samkvæmt 1. mgr. 129. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skulu skýrslutökur og munnlegur málflutningur að jafnaði fara fram í einni lotu. Óhjákvæmilegt getur þó verið að bregða út af

þessu, og þarf það ekki að valda ómerkingu héraðsdóms. Í 24. gr. sömu laga segir, að dómari geti að ósk aðila eða af sjálfsdáðum ákveðið að skilja mál í sundur og dæma sérstaklega þátt eins eða fleiri ákærðu, ef það þykir hentugra og horfa til flýtis og sparnaðar. Styðst þessi regla við grunnreglur um hraða málsmeðferð. Héraðsdómara var rétt, þá er hann varð þess vís, að tveir ákærðu höfðu horfið af landi brott og ekki var vitað, hvenær þeir sneru aftur, að skilja mál ákærðu að. Verður ekki séð, að við það hafi réttur þeirra, sem eftir stóðu, verið fyrir borð borinn. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 29. janúar 1998 var dæmt um þátt þeirra, sem frá voru skildir, en dómur í því máli og endurrit af skýrslutökum hafa verið lögð fram. Leiðir þessi málsmeðferð ekki til ómerkingar héraðsdóms. Aðrar athugasemdir verjanda ákærða Birkis Herbertssonar við rekstur málsins í héraði þykja ekki geta leitt til ómerkingar málsins, en að þeim verður hugað við efnislega úrlausn málsins.

II.

Af gögnum málsins er ljóst, að ákærðu, sem sakfelldir voru með héraðsdómi, fóru 7. september 1996 að Flétturima 22 ásamt þeim Ásgeiri Má Helgasyni og Inga Þorgrími Guðmundssyni, sem sakfelldir voru með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 29. janúar 1998 fyrir sama brot, og hugðust hafa tal af Helga Helgasyni, en við hann þóttist Ingi Þorgrímur eiga nokkuð vantalað. Þegar að húsinu kom, lagði ákærði Birkir Herbertsson, sem ók farartæki þeirra, því fyrir utan húsið, svo að afturendinn sneri að útidyrum hússins. Fóru ákærðu Sigurþór Arnarsson og Sverrir Þór Einarsson ásamt Birki og Ásgeiri Má inn í húsið, kræktu upp hurðum og hringdu dyra-
bjöllu. Hugðust þeir fá Helga út í bifreiðina til fundar við Inga Þorgrím, sem þar beið. Því hefur ekki verið mótmælt, að Helgi þekkti engan þeirra, sem inn fóru, þótt hann væri vel kunnugur Inga Þorgrími. Sannað er með framburði Helga fyrir dómi, sem studdur er framburði Jónu Hrundar Jónsdóttur, Guðrúnar Halldóru Magnúsdóttur, Péturs Sigurðssonar og Guðríðar Birgisdóttur, að til átaka kom í anddyri hússins á milli þeirra, sem inn fóru, og Helga. Styðst þetta einnig við framburð þeirra sjálfra, annarra en Sverris Þórs, hjá lögreglu. Fallast ber á það með héraðsdómi, að breyttur framburður

þeirra fyrir dómi sé ótrúverðugur. Er ekki varhugavert að telja sannað, að þeir hafi fært Helga nauðugan inn um skutdyr bifreiðarinnar, sem síðan var ekið á brott, svo sem segir í ákæru. Við það verður þó að miða í málinu, að þeir hafi verið á leið með hann heim aftur, þegar lögreglan stöðvaði för þeirra á Úlfarsfellsvegi við Vesturlandsveg. Má ráða af gögnum málsins, að ferðalag þetta hafi tekið að minnsta kosti um hálfu klukkustund. Ber að þessu athuguðu að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákærðu samkvæmt fyrri kafla ákæru og færslu brots til refsíákvæðis.

Ákærðu Birkir og Sigurþór hafa játað brot samkvæmt öðrum kafla ákæru, og nær áfrýjun þeirra ekki til sakfellingar héraðsdóms samkvæmt þeim kafla. Eru brotin réttilega færð til refsíákvæða í héraðsdómi.

Auk þeirra sátta og refsidóma, sem um getur í héraðsdómi, hlaut ákærði Sigurþór 27. nóvember 1996 eins mánaðar fangelsisdóm fyrir líkamsárás, sem heimfærð var til 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1949. Verður refsing hans nú hegningarauki við þann dóm, sbr. 78. gr. sömu laga.

Í héraðsdómi er þess getið, sem áhrif á að hafa á refsingu ákærðu, en um er að ræða alvarleg brot. Þar sem við það verður að miða, að ákærðu hafi verið á heimleið með Helga, og með hliðsjón af 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 verða þó refsiviðurlög héraðsdóms staðfest.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærðu greiði allan kostnað við áfrýjun málsins, svo sem nánar greinir í héraðsdómi.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Ákærði Birkir Herbertsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Róberts Árna Hreiðarssonar héraðsdómsslögmans, 40.000 krónur.

Ákærði Sigurþór Arnarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur.

Ákærði Sverrir Þór Einarsson greiði málsvarnarlaun skip-

aðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur.

Ákærðu greiði óskipt allan annan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. maí 1997.

Ár 1997, föstudag 23. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-914/1996: Ákærvaldið gegn Birki Herbertssyni, Sigurþóri Arnarssyni og Sverri Þór Einarssyni, en málið var dómtekið 23. apríl sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 12. nóvember 1996, á hendur „Ásgeiri Má Helgasyni, Unufelli 21, kennitala 181071-5759, Birki Herbertssyni, Bláhömrum 2, kennitala 251162-5819, Inga Þorgrími Guðmundssyni, Þórgötu 5, kennitala 310570-3979, Sigurþóri Arnarssyni, Dvergabakka 12, kennitala 170871-5299, og Sverri Þór Einarssyni, Rauðagerði 54, kennitala 020562-4639, öllum til heimilis í Reykjavík, fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni laugardaginn 7. september 1996:

I.

Frelssisvipting.

Öllum ákærðu er gefin að sök frelssisvipting með því að hafa veist í félagi að Helga Helgasyni, kt. 220263-4369, í anddyri íbúðar hans á 1. hæð fjölbýlishússins nr. 12 við Flétturima í Reykjavík, fært hann með valdi í bifreiðina MM-811 á lóð hússins og ekið með hann nauðugan sem leið liggur að Hafravatni og eftir nokkra viðdvöl þar vestur Úlfarsfellsveg, þar sem lögreglumenn handtöku ákærðu við Vesturlandsveg.

Telst þetta varða við 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Brot á lögum um ávana- og fíkniefni.

Ákærðu Birki, Inga Þorgrími og Sigurþóri er gefið að sök að hafa við ofangreinda handtöku lögreglu haft í fórum sínum fíkniefni, svo sem rakið er:

A. ákærði Birkir 1,8 g af amfetamíni, 3,3 g af hassi og 2 töflur af fíkniefninu MDMA, B. ákærði Ingi Þorgrímur 10,5 g af amfetamíni, 12 töflur af MDMA og 5 skammta af LSD, hvern 45 míkrogrömm, C. ákærði Sigurþór 0,4 g af amfetamíni.

Teljast brot ákærðu samkvæmt II. kafla ákæru varða við 2. gr., sbr. 5. og

6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til að sæta upp-töku samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986 á 12,7 g af amfetamíni, 2,2 g af hassi og 14 töflum af MDMA, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.“

Misritun er í ákæru, sem kemur ekki að sök, en atburðir samkvæmt I. kafla ákæru urðu í Flétturima 22, en ekki nr. 12, eins og lýst er í ákæru.

Málið var þingfest 26. nóvember sl., en þá komu ákærðu ekki allir fyrir dóminn, þrátt fyrir það að ákærðu hafði verið birt fyrirköllun.

Ákærði Ingi Þorgrímur kom fyrir dóminn 2. desember og lýsti þá afstöðu sinni til sakarefnisins. Eftir það mun ákærði Ingi Þorgrímur hafa flust af landinu, og eftir að leitt var í ljós, að ákærði Ingi Þorgrímur var ekki væntanlegur til landsins og ekki yrði af hálfu ákæruvaldsins unnið að því að fá hann til landsins vegna málsins, var ætlaður þáttur hans skilinn frá málinu í réttarhaldi 9. apríl sl.

Undir aðalmeðferð málsins fluttist ákærði Ásgeir Már einnig af landinu og ekkert vitað um komu hans hingað til lands og ekki fyrirhugað af hálfu ákæruvalds að fá hann til landsins vegna málsins. Vegna þessa var ætlaður þáttur hans einnig skilinn frá málinu í réttarhaldi 23. apríl sl.

Vísað var til 24. gr. laga nr. 19/1991 vegna þessarar meðferðar málsins.

Verjandi ákærða Birkis krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara er kafist sýknu og til þrautavara vægustu refsingar, sem lög leyfa. Í öllum tilvikum er krafist málsvarnarlauna úr ríkissjóði að mati réttarins.

Verjandi ákærðu Sigurþórs Arnarssonar og Sverris Þórs Einarssonar krefst aðallega frávísunar málsins, en til vara sýknu fyrir utan sakarefni á hendur ákærða Sigurþóri vegna fíkniefnabrots, sem um getur í II. kafla ákæru. Til þrautavara er krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa. Í öllum tilvikum er krafist málsvarnarlauna að mati réttarins.

Samkvæmt frumskýrslum lögreglu, sem dags. eru 7. september sl., er upphaf málsins það, að hringt var í lögreglu kl. 21.44 ofangreindan dag og tilkynnt, að ráðist hefði verið á mann á heimili sínu og hann numinn á brott og fluttur frá heimilinu í farangursgeymslu jeppabifreiðar. Lögreglan viðhafði miklar ráðstafanir, og tók fjöldi ökutækja þátt í leit að mannum. Kl. 22.08 var bifreiðin MM-811 stöðvuð á gatnamótum Úlfarsfellsveggar og Vesturlandsveggar, og voru í henni allir ákærðu og Helgi Helgason. Sumir ákærðu höfðu fíkniefni í fórum sínum við handtöku. Ákærðu voru færðir á lögreglustöð og síðar teknar af þeim skýrslur hjá lögreglunni.

Við lögregluglyfirheyrslu lýsti Helgi Helgason því, að hann hefði verið numinn á brott með valdi frá Flétturima 22. Ákærðu báru sumir hjá lögreglu efnislega á sama veg, en breyttu framburði sínum fyrir dómi að nokkru leyti, svo sem síðar verður rakið.

Verður nú rakinn framburður ákærðu og vitna fyrir dómi og hjá lögreglu, eftir því sem ástæða þykir.

I.

Frelsissvipting.

Ákærði Birkir Herbertsson kom fyrir dóminn 2. og 18. desember sl. og 23. apríl sl. og kvaðst ekki telja þennan kafla ákæru réttan. Ákærði Birkir kvað ekki hafa verið ákveðið fyrir fram að nema Helga á brott. Hann kvað aðdraganda atburðarins hafa verið þann, að þennan dag hefði ákærði Ingi Þorgrímur beðið sig um að aka sér á heimili Helga Helgasonar, en hann þyrfti að ræða við Helga vegna peningaskuldar og eitthvað, er snerti börn ákærða Inga Þorgríms. Allir ákærðu hefðu lagt af stað utan ákærði Sigurþór, sem sóttur hefði verið í leiðinni heim til Helga, og hefði ákærði ekið rauðri jeppabifreið. Er komið var á heimili Helga, hefðu allir ákærðu farið út úr bifreiðinni, en ákærði síðastur, þar sem hann varð að leggja henni. Er ákærði kom að húsinu, hefði hann heyrt háreysti frá ákærða Inga og Helga, og kvaðst hann ekki hafa séð betur en Helgi kæmi út í bifreiðina af fúsum og frjálsum vilja. Kvaðst ákærði hafa opnað dyr á farangursrými bifreiðarinnar og ekki hafa betur séð en Helgi færi þar inn, einnig af fúsum og frjálsum vilja. Hann hefði ekki veitt því athygli, að Helgi var á sokkaleistunum, er hann kom út. Eftir þetta hefðu ákærðu tekið sameiginlega þá ákvörðun, að ákærði æki á brott, og taldi ákærði ástæðuna þá, að mikil háreysti hefði verið og íbúar í húsinu því líklega orðið fyrir ónæði. Þess vegna hefðu allir í bifreiðinni í raun ákveðið að aka á brott, og ökuleiðin hafi verið sú, er lýst sé í ákæru. Engin átök og ekkert ofbeldi hefði verið viðhaft í ökuferðinni. Er lögregla stöðvaði aksturinn, hefði ákærði verið á leið með Helga Helgason aftur á heimili hans.

Ákærði Birkir Herbertsson gaf skýrslu hjá lögreglu 9. september sl. Þar greinir ákærði frá aðdraganda þess, að farið var á heimili Helga Helgasonar. Síðan segir í skýrslunni: „Ingi Þór bað okkur ekki um neitt, heldur varð sú hugmynd til upp úr þessari umræðu að fara heim til Helga, ræða við hann og gera honum rækilega grein fyrir því að láta börn Inga í friði. Á þessu stigi var ekki ákveðið, hvort ræða ætti að við Helga við heimili hans eða fara með hann í burtu. Við ákváðum að fara allir fjórir á bifreið, sem ég hafði að láni hjá kunningja mínum, Þorbirni Stefánssyni, Toyota „4runn-

er“, rauðri að lit. Á leiðinni heim til Helga sóttum við Sigurbór, sem er vinur okkar, og kom hann með okkur. Við settum hann inn í málið á leiðinni.“ Síðar í skýrslunni segir: „Ingi vissi, hvar Helgi átti heima. Á leiðinni að Flétturima 22, heimili Helga, verður til sú hugmynd að taka Helga út í bíl, fara með hann í bíltúr og ræða við hann í bílnum. Ég lagði bílnum þannig, að afturendi hans var nálægt útidyrum hússins. Það gerði ég af því, að við vorum búnir að ákveða að taka Helga út í bíl með valdi, ef með þyrfti, og setja hann í farangursrými jeppans, svona til að hann skildi strax, að við meintum það, sem við vildum segja við hann, að láta börn Inga í friði, en snúa sér að honum sjálfum.“

Ingi beið í bílnum, en ég var fyrst um sinn fyrir utan útidyrnar. Þeir Sverrir, Ásgeir og Sigurbór fóru inn á stigaganginn. Við hringdum bjöllunni, og það var strax opnað. Þegar Helgi kom til dyra, sagði einhver þeirra þriggja, sem fóru alveg inn, við hann, að þeir hefðu bakkað á bíl fyrir utan, og spurðu, hvort hann ætti bílinn. Það var gert til að ná honum fram á gang. Þar var hann gripinn og færður út í bíl. Ég var þá kominn inn á stigaganginn. Sverrir, Ásgeir og Sigurbór áttu við hann inni, en ég opnaði afturdyr bílsins og tók í annan fót Helga til að koma honum inn í farangursrýmið. Ég lokaði síðan dyrunum.“

Er ákærði var spurður fyrir dóminum um efni þessarar skýrslu, greindi hann svo frá, að hann hefði ekki lesið skýrsluna nægilega vel, hann hefði verið illa fyrirhugaður. Hluti skýrslunnar hefði ekki verið sín svör og orðalagið sé lögreglunnar. Af þessum sökum sé í skýrslunni ýmislegt, sem ákærði hefði ekki undirritað, hefði hann lesið hana betur yfir fyrir undirritun.

Ákærði Sigurbór Arnarsson kom fyrir dóminn 26. nóvember, 18. desember og 23. apríl sl. og neitar sök. Ákærðu hefðu ekki veist í félagi að Helga í anddyri íbúðar hans. Hann kvað aðdraganda atburða vera þann, að ákærðu hefðu allir komið á heimili sitt að kvöldi 7. september sl., en fyrirhugað hefði verið að horfa á sjónvarp á heimili ákærða með meðákærða Sverri. Á leiðinni þangað hefði verið rætt í bílnum, að ákærði Ingi Þorgrímur þyrfti að ræða við mann í Grafarvogi, sem ákærði Ingi Þorgrímur hefði sagt vera handrúkkara. Ákærði kvaðst ekkert hafa vitað meira um tilefni ferðarinnar í Flétturimann. Er þangað var komið, hefði ákærði og meðákærðu Ásgeir og Birkir haldið inn og hringt dyrabjöllu og beðið Helga að koma með sér út í bíl að ræða við meðákærða Inga Þorgrím. Enginn þeirra ákærðu hefði farið inn í íbúð Helga, heldur í anddyri, þar sem dyrabjöllurnar eru. En Helgi hefði brugðist illa við þessu, og í sama mund hefði meðákærði Sverrir komið að og Helgi þá sparkað í punginn á Sverri. Eftir þetta hefðu einhver

læti orðið, fyrst í anddyrinu, en síðan borist út fyrir. En er Helgi sá með ákærða Inga Þórgím í bílnum, hefði hann farið inn í bílinn af fúsum og frjálsum vilja og beðið um, að ekið yrði í burtu og þá leið, sem lýst er í ákæru. Hefði ökuferðin tekið 15 til 20 mínútur með viðstöðunni við Hafra- vatn og engu ofbeldi verið beitt í bifreiðinni.

Ákærði Sigurþór gaf skýrslu hjá lögreglu 8. september sl. Í henni segir frá ferðinni á heimili Helga Helgasonar. Síðan segir m. a. svo um atburði, eftir að komið var að Flétturima 22: „Þeir hefðu farið þar að húsi, sem honum var ókunnugt, og allir farið út úr bílnum að undanskildum Inga, sem varð eftir.

Einhver, ekki Sigurþór, hringdi þar dyrabjöllu, og kom maður til dyra. Ekki veit hann, hvað sagt var við manninn, en ljóst var, að hann vildi ekki koma út með þeim. Urðu úr stimpingar, og hjálpuðust þeir fjórir að við að færa út manninn, sem streittist á móti, og inn í bíl þann, sem þeir voru á, og inn um afturgafli bifreiðarinnar, sem var opnaður, svo að hann kæmist þar inn.“ Síðar í skýrslunni segir: „Aðspurður segist Sigurþór ekki hafa gert manninum neitt annað en að taka á honum ásamt þeim hinum við að fara með hann út úr húsinu og út í bílinn.“

Fyrir dóminum kvaðst ákærði telja, að hann hefði verið í svo mikilli geðshræringu, er skýrslan var tekin, að hann hefði ekki greint nákvæmlega frá atburðum. Skýrslan sé ekki rétt af þessum sökum. Ákærði greindi ekki frá því hjá lögreglu, að Helgi Helgason hefði sparkað milli fóta meðákærða Sverri, svo sem ákærði bar fyrir dóminum. Ástæðuna til, að ákærði greindi ekki frá þessu hjá lögreglu, kvað hann hina sömu og að framan greinir.

Ákærði Sverrir Þór Einarsson kom fyrir dóminn 26. nóvember, 18. desember og 23. apríl sl. og neitar sök. Ákærði kvað meðákærða Birki hafa sótt sig og allir ákærðu fyrirhugað að fara á heimili ákærða til að horfa á sjónvarp. Á leiðinni hefði meðákærði Ingi Þórgímur þurft að koma við í húsi í Rimahverfi. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað, hverra erinda farið var í Grafarvoginn. Meðákærði Ingi Þórgímur hefði ekki greint sér frá því. Ákærði bar, að meðákærði Ingi Þórgímur hefði verið eitthvað hræddur við manninn, sem hann hugðist heimsækja, þar sem sá hefði verið handrúkkari, eins og ákærði bar. Meðákærðu hefðu farið inn í húsið, en sjálfur hefði ákærði farið í humátt á eftir. Maðurinn hefði verið kominn fram á ganginn, er ákærði kom inn, og verið mjög æstur og öskrað og spurt, hvað væri um að vera, og sparkað í klof ákærða. Meðákærðu hefðu þá stöðvað Helga, og taldi ákærði stimpingar við hann hafa beinst að því að hemja hann. Hann hefði brjálást, verið „dýrvitlaus og snarbrjáláður“, eins og ákærði bar. Ákærðu hefðu aldrei veist í félagi að Helga. Eftir stimpingarnar í forstof-

unni hefði Helgi róast, er hann kom auga á meðákærða Inga Þorgrím. Þeir hefðu ræðst við um stund og síðan allir farið inn í bílinn. Hófst þá mikið rifrildi milli meðákærða Inga Þorgríms og Helga, en Helgi hefði komið í bílinn af fúsum og frjálsum vilja. Þá hefði komið einhver maður að bílnum og Helgi og Ingi Þorgrímur þá viljað fara í burtu, til að maðurinn og sambyliskona Helga þyrftu ekki að hlýða á það, sem fram fór. Ekin hefði verið leiðin, sem lýst er í ákæru, en staðnæmst á leiðinni, til að Helgi og meðákærði Ingi Þorgrímur gætu útkljáð sín mál. Lögreglan hefði stöðvað ákærðu, er verið var að aka Helga heim til sín, en ökuferðin hefði tekið um 10 mínútur.

Ákærði Ásgeir Már Helgason kom fyrir dóminn 2. og 18. desember sl. Hann kvað aðdragandann þann, að ákærðu hefðu verið á leið að horfa á sjónvarp á heimili meðákærða Sverris, en fyrir tilviljun, samkvæmt ósk meðákærða Inga Þorgríms, hefði verið komið við í húsi í Grafarvogi. Meðákærði Ingi hefði beðið ákærðu að fara þar inn og spyrja eftir manni og biðja hann að koma út í bíl og ræða við sig. Ekkert hefði verið rætt frekar um tilgang heimsóknarinnar. Fjórir ákærðu hefðu farið úr bílnum og ákærði afsíðis stutta stund til að kasta af sér vatni, en síðan farið inn í anddyri hússins rétt á eftir ákærðu Birki, Sigurþóri og Sverri Þór. Spurt var eftir Helga, en meðákærði Ingi Þorgrímur hefði beðið úti í bílnum á meðan. Þeir hefðu hringt dyrabjöllu og sagt Helga, að meðákærði Ingi Þorgrímur biði úti í bíl og vildi ræða við hann. En Helgi hefði brugðist illa við og ráðist á meðákærða Sverri. Hefðu þá byrjað átök, sem borist hefðu út fyrir húsið. Hefði meðákærði Ingi þá kallað til Helga og beðið hann um að ræða við sig í bílnum. Hefði Helgi þá komið í bílinn af fúsum og frjálsum vilja og farið í farangursrými bílsins. Allir ákærðu hafi þá haldið inn í bílinn og meðákærði Ingi Þorgrímur borið einhverjar sakir á Helga um börn Inga. Helgi hefði þá beðið um, að ekið yrði í burtu, þar sem maður var á vappi fyrir utan bílinn og Helgi ekki viljað, að hann heyrði, hvað rætt var. Ekin hefði verið leiðin, sem lýst er í ákæru, með viðdvöl við Hafravatn, og til baka, uns lögreglan handtók ákærðu á Vesturlandsvegi.

Ákærði Ásgeir Már Helgason gaf skýrslu hjá lögreglu 8. september sl. Lýsti hann þar ferðinni að Flétturima 22. Eftir að ákærða var greint frá vitnisburði þess efnis, að hópur manna hefði dregið Helga Helgason með valdi út úr húsinu og hent honum í farangursrými jeppabifreiðar, segir svo í skýrslunni: „Ásgeir segir, að hann viðurkenni það nú að hafa tekið þátt í því að færa Helga Helgason nauðugan frá forstofunni út í bílinn og sér þyki sennilegt, að þeir allir, þ. e. hann, Sverrir Þór, Ingi, Birkir og Sigurþór, hefðu tekið Helga með valdi.

Spurður um, hver hefði ákveðið að taka Helga með þessum hætti inn í bílinn, kveðst Ásgeir ekki geta svarað þeirri spurningu. Sennilega hefðu þeir allir ákveðið þetta, þegar þeir voru staddir í forstofunni.

Aðspurður kveðst Ásgeir hafa tekið í annan fót Helga, er hann barðist fyrst um, en þegar komið var að bílnum, hætti Helgi öllum mótþróa.“

Fyrir dóminum bar ákærði Ásgeir Már, að framburður sinn hjá lögreglu hefði verið mistúlkaður og ekki réttur. Hann hefði verið í mjög slæmu ástandi, er hann gaf skýrsluna, og í raun ekki verið í hæfu ástandi til að gefa skýrslu.

Vitnið Helgi Helgason sjómaður kom fyrir dóminn 18. desember sl. Hann kvað aðdraganda atburðarins þann, að laugardaginn 7. september sl. hefði hann hitt syni ákærða Inga Þorgríms í verslun og kastað á þá kveðju. Þá er út var komið, hefði Helga fundist eins og drengirnir leituðu eftir því að fá akstur heim, sem og varð. Á leiðinni hefði Helgi spurt um ákærða Inga Þorgrím og drengirnir sagt, að hann væri fluttur, en væntanlegur þá um kvöldið. Kvaðst Helgi þá hafa beðið þá um skilaboð til hans um að hafa samband við sig, en ákærða Inga Þorgrím kvaðst Helgi hafa þekkt lengi og drengina að kalla frá fæðingu. Ekki hefði vakað fyrir sér að nota drengina til að koma skilaboðum til ákærða Inga Þorgríms, heldur einungis að aka þeim heim til sín.

Um kvöldið hefði síðan verið hringt dyrabjöllu á heimili sínu að Flétturíma 22 og sagt, að búið væri að aka á bíl sinn fyrir utan húsið. Hefði hann þá haldið fram á ganginn og mennirnir þá sagt sér, að ekið hefði verið á bílinn. Kvaðst Helgi þá hafa litið út fyrir, en þá verið rífið í sig og til handalög-mála komið í dyranginum. Kvaðst Helgi hafa gert allt, hvað hann gat, til að streitast á móti, halda sér í og sparka frá sér, en hann hefði aðeins verið klæddur buxum, bol og verið á sokkaleistunum. Hefðu aðrir íbúar í húsinu þá komið þar að og hann þá verið færður með valdi út í bíl fyrir utan og fjórir ákærðu tekið þátt í því, en ákærði Ingi Þorgrímur verið inni í bílnum. Kvaðst Helgi hafa reynt að komast út úr bílnum, en ekki tekist. Hann hefði og beðið fólknið um aðstoð og kalla til lögreglu. Sér hefði aldrei verið greint frá því, að ákærði Ingi Þorgrímur biði úti í bíl og vildi ræða við sig. Helgi kvað fyrrum sambýliskonu sína hafa komið fram um það leyti, sem verið var að færa sig út í bílinn, og kvaðst hafa kallað á hana. Bílnum hefði síðan verið ekið þá leið, sem lýst er í ákæru, en hann ekki beðið um, að bifreiðinni yrði ekið frá húsinu, eins og sumir ákærðu hefðu borið. Á leiðinni hefði hann spurt, hvað væri á seyði, og sér verið svarað því til, að hann skyldi drepinn. Engin átök hefðu orðið í bílnum. Bifreiðin hefði verið stöðvuð við Hafravatn og ákærðu þá sagt sér, að hann skyldi ekki hugsa

meira um skuld ákærða Inga Þorgríms við sig. Þá hefðu mennirnir rætt um það, að hann hefði hótað börnum ákærða Inga Þorgríms, og hann þá verið sleginn. Sér hefði verið sagt, að hann fengi tækifæri til að gleyma skuldinni og sér yrði ekið heim á leið, en lögreglan stöðvað akstur bifreiðarinnar skömmu síðar.

Vitnið Jóna Hrund Jónsdóttir afgreiðslustúlka kom fyrir dóminn 18. desember sl. Hún kvað Helga Helgason hafa verið staddan í Flétturima 22 7. september sl., er dyrabjöllu var hringt og spurt eftir Helga. Hann hefði farið til dyra og börn hans með honum, en Jóna kvaðst hafa setið inni í stofu. Kvaðst hún þá hafa heyrt læti og farið fram og þá séð fjóra menn, sem allir hefðu reynt að toga Helga út úr húsinu. Ekki kvaðst hún viss um, að allir fjórir hefðu samtímis reynt þetta, en þeir hefðu hins vegar allir fjórir tekið fullan þátt í að nema Helga á brott með valdi. Helgi hefði þá beðið sig að hringja á lögregluna, sem hún kvaðst hafa gert, eftir að hún hafði komið börnunum aftur inn í íbúðina og lokað, en börnin hefðu horft á það, sem fram fór, og orðið hrædd. Helgi hefði reynt að halda sér í dyrakarm og streist á móti, en Jóna Hrund kvaðst hafa séð, að búið var að spenna upp og krækja þannig hurðum, að þær stóðu opnar, bæði útidyrhurð og hurð fyrir stigagang. Hún kvaðst hafa heyrt það eitt frammi á ganginum, að Helgi hefði spurt, hvað gengi á, en önnur orðaskipti hefði hún ekki heyrt. Hún kvaðst ekki þekkja þessa menn og ekki geta lýst þeim nákvæmlega, þar sem sér hefði brugðið og börnin horft á þetta og orðið hrædd. Hún kvaðst ekki hafa séð það, er Helgi fór inn í bifreiðina fyrir utan húsið.

Vitnið Guðríður Birgisdóttir bankastarfsmaður kom fyrir dóminn 18. desember sl. Hún kvaðst hafa setið inni í stofu á heimili sínu að Flétturima 22 þetta kvöld, er hún heyrði læti frammi á gangi. Í fyrstu hélt hún unglinga hafa ruðst inn í stigaganginn og ekki farið strax fram. Síðan, er hún fór fram, kvaðst hún hafa séð rauða bifreið fyrir utan og mann vera að loka hurð á bílnum. Hún kvað útidyr hússins hafa staðið uppspenntar. Hún kvaðst ekki hafa séð átök og hvort Helgi hefði verið numinn á brott með valdi. Guðríður lýsti því, að hún hefði hitt Jónu Hrund að máli stuttu síðar og hún spurt sig, hvort hún hefði séð, hvað fram fór. Hefði Jóna Hrund greint sér frá því, að fjórir menn hefðu numið Helga á brott með valdi.

Vitnið Guðrún Halldóra Magnúsdóttir kom fyrir dóminn 18. desember sl. Hún kvaðst hafa verið á leið niður stigagang á heimili sínu að Flétturima 22 ásamt eiginmanni sínum, er hún sá áflog, og kvaðst í fyrstu hafa talið ölvada menn á ferð. Hún kvaðst telja þrjá menn hafa fært Helga Helgason með valdi út í bifreið fyrir utan húsið, og hefði hann allan tímann streist á móti. Bílnum hefði síðan verið ekið í burtu, um leið og Helgi hefði verið

færður inn í bílinn, og hann verið í farangursrýminu. Guðrún kvaðst hafa orðið hrædd við þessa sjón.

Vitnið Pétur Sigurðsson kom fyrir dóminn 18. desember sl. Hann kvaðst hafa verið á leið niður stigann á heimili sínu kvöldið 7. september sl. ásamt eiginkonu sinni, Guðrúnu Halldóru Magnúsdóttur, er hann varð var við læti á neðri hæð. Hefði hann þá séð eina fjóra menn í átökum við Helga Helgason og þeir síðan dröslað Helga út úr húsinu, en Helgi margspurt að því, hvað væri um að vera og hvert mennirnir ætluðu með sig. Hefði hann ekki virst gera sér grein fyrir því, hvað um væri að vera. Pétur kvaðst hafa heyrt mennina segja við Helga, að hann vissi vel, hvað væri um að vera, og að hann kæmi með þeim út fyrir bæinn. Pétur kvaðst telja, að Helgi hefði beðið sig að hringja á lögregluna, er hann kom auga á sig í stiganum. Helgi hefði streist á móti og Pétur séð, er út var komið, að Helgi var kominn aftur í farangursrými jeppabifreiðarinnar fyrir utan. Bílnum hefði síðan verið ekið á brott, og kvaðst Pétur hafa ekið á eftir bifreiðinni stuttan spöl, en síðan haldið sína leið.

Vitnið Óskar Þór Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn 23. apríl sl. Hann staðfesti það að hafa tekið lögregluskýrslu af ákærða Sigurþóri 8. september sl. Ekki hefði verið annað að sjá en ákærði væri í ástandi til að gefa skýrslu, enda ekki verið tekin skýrsla af honum ella. Óskar kvaðst muna, að ákærði Sigurþór hefði greint frá því við skýrslutöku, að hann hefði hug á því að komast í afmæli dóttur sinnar sama dag.

Vitnið Guðmundur Gígja lögreglufulltrúi kom fyrir dóminn 23. apríl sl. Hann staðfesti að hafa verið viðstaddur, er ákærði Birkir las lögregluskýrslu, sem tekin var af honum 9. september sl., og samþykkti efni skýrslunnar sem rétt eftir sér haft og undirritaði hana.

Vitnið Björgvin Björgvinsson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn 23. apríl sl. Hann tók lögregluskýrslu af ákærða Ásgeiri Má Helgasyni 8. september sl. Ekki þykir ástæða til að rekja framburð vitnisins hér.

Vitnin Guðmundur Ásgeirsson lögreglumaður og Hjörtur Davíðsson lögreglumaður komu fyrir dóminn 18. desember sl. Hjörtur ræddi við Helga Helgason á lögreglustöðinni og greindi m. a. frá því, að Helgi hefði verið á sokkaleistunum. Ekki þykir ástæða til að rekja framburð þessara vitna frekar hér.

II.

Brot á lögum um ávana- og fíkniefni.

Ákærði Birkir viðurkenni fyrir dómnum, að háttsemi sinni væri rétt lýst í þessum kafla ákæru. Hann hefði við handtöku haft í förum sínum 1,8 g af amfetamíni, 3,3 g af hassi og tvær töflur af MDMA.

Ákærði Sigurþór kvað háttsemi sinni rétt lýst í þessum kafla ákæru og viðurkenndi að hafa haft 0,4 g af amfetamíni í fórum sínum við handtöku.

Niðurstöður.

Um frávísunarkröfur. Verjendur vísuðu til 27. gr. almennra hegningarlaga til rökstuðnings frávísunarkröfu og töldu jafnræðisreglu brotna við meðferð málsins með því að skilja málið í sundur, eins og gert hefur verið. Þá var vísað til þess, að rof á aðalmeðferð málsins ættu að leiða til frávísunar.

Þótt málið hafi verið skilið í sundur og ætlaður þáttur ákærðu Ásgeirs Más og Inga Þorgríms dæmdur sér, kemur það ekkert við 27. gr. almennra hegningarlaga, enda allir mennirnir enn undir ákæru.

Dómari getur að sjálfsdáðum ákveðið að skilja mál í sundur, sbr. 24. gr. laga nr. 19/1991, eins og gert var í máli þessu. Er það m. a. gert til að tryggja rétt þeirra ákærðu, sem eftir standa, um það, að dómur verði lagður á sakarefni innan hæfilegs tíma, sbr. m. a. 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Dómurinn telur því, að málinu verði ekki vísað frá á þessum forsendum, svo sem krafist er.

Um rof á aðalmeðferð málsins er það að segja, að í meðferð þess birtast þeir erfiðleikar, sem við er að eiga til að fullnægja 1. mgr. 129. gr. laga nr. 19/1991, þar sem segir, að aðalmeðferð máls skuli að jafnaði fara fram í einni lotu. Slíkt reynist iðulega óframkvæmanlegt. Í máli þessu sem og mörgum öðrum opinberum málum hendir iðulega, að ákærðu koma ekki fyrir dóm, flytjast af landi brott, finnast ekki, vitni koma ekki fyrir dóm eða eru fjarverandi, er til á að taka, og margt fleira getur orðið til þess, að aðalmeðferð rofni óhjákvæmilega. Til að ráða bót á þessu og ef rof verður á aðalmeðferð, er komið til móts við málflytjendur með því að afhenda þeim endurrit þinghalds máls og kynna ákærðu vitnisburð þeirra, er gefið hafa skýrslu, hafi ákærðu verið fjarverandi. Í máli þessu var verjendum afhent endurrit þinghalds og engum andmælum hreyft við frestun málsins.

Eins og ráða má af dómaframkvæmd allt frá gildistöku laga nr. 19/1991, kemur jafnvel lengra rof á aðalmeðferð en varð í máli þessu ekki að sök, ef brugðist er við því á þann hátt, sem gert er hér. Vegna þessa er hafnað frávísun málsins af þessum sökum, og ekkert verður ráðið af gögnum máls þessa, sem leiða eigi til frávísunar. Frávísunarkröfum er því hafnað.

I.

Frelsisvipting.

Ákærði Birkir lýsti því hjá lögreglu, hvenær ákveðið var að færa Helga út í bílinn með valdi, og þá lýsti hann því, hvernig hann lagði bifreiðinni fyrir

utan Flétturima 22 vegna þessarar ákvörðunar, þ. e., að afturendi bílsins var nálægt útidyrum hússins. Ákærðu hefðu allir tekið þátt í þessu.

Ákærði Sigurþór lýsti því hjá lögreglu, er ákærðu færðu Helga með valdi út í bílinn. Ákærði Ásgeir Már lýsti því og hjá lögreglu, hvernig Helgi var færður nauðugur út í bílinn. Þessir ákærðu hafa, svo sem rakið var, breytt framburði sínum fyrir dóminum. Dómurinn telur breyttan framburð þessara ákærðu órökstuddan og ástæður, sem ákærðu greindu fyrir breyttum framburði, að engu hafandi. Framburður þessara manna hjá lögreglu er efnislega samhljóða vitnisburði, sem við er að styðjast í máli þessu.

Dómurinn telur því sannað gegn neitun ákærða Sverris Þórs, en með framburði ákærðu Birkis, Sigurþórs og Ásgeirs Máss hjá lögreglu og vitnisburði Helga Helgasonar, Jónu Hrunnar Jónsdóttur, Guðrúnar Halldóru Magnúsdóttur og Péturs Sigurðssonar, að ákærðu hafi framið þá háttsemi, sem ákært er út af, en með þeirri athugasemd, að ákærðu veittust að Helga í anddyri íbúðarhússins, en ekki í anddyri íbúðar hans, en þessi ónákvæmni í ákæru þykir ekki koma að sök.

Ákærðu sviptu Helga Helgasyni frelsi sínu í skilningi 1. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga og námu á brott með valdi. Í tilvitnaðri lagagrein er ekki vikið að því, að frelsisskerðing þurfi að vera langvarandi eða að vara tiltekinn tíma til að varða við þá lagagrein. Hins vegar er þess konar áskilnaður í 2. mgr. sömu lagagreinar, og varðar brot þá þyngri refsingu. Dómurinn telur samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, að brot ákærðu varði við 1. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Brot á lögum um ávana- og fíkniefni.

Sannað er með játningu ákærðu Birkis og Sigurþórs, að þeir hafa framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af, og eru brot þeirra rétt heimfærð til refsíakvæða í ákæru.

Ákærðu veittust sameiginlega að Helga Helgasyni og færðu hann með valdi út úr húsinu að börnum Helga ásjáandi, og urðu börnin hrædd, svo sem móðir þeirra bar fyrir dóminum. Dómurinn telur sannað, að ásetningur til að fjarlægja Helga með valdi hafi orðið til ekki síðar en á leiðinni að Flétturima 22, sbr. framburð ákærða Birkis hjá lögreglu. Uppspenntar hurðir að Flétturima 22 benda og til þess, að fyrir fram hafi verið ákveðið að fjarlægja Helga með valdi, svo og það, hvernig bifreiðinni var lagt fyrir utan húsið. Ákærðu sammæltust um framningu brotsins, og er það virt þeim til þyngingar við ákvörðun refsingar, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Það að nema fólk með valdi frá heimili sínu eða dvalarstað

og svipta þannig frelsi er alvarlegt afbrot, og eiga ákærðu í máli þessu sér engar málsbætur.

Ákærði Birkir hefur frá árinu 1990 gengist undir tvær dómsáttir og tvær lögreglustjórásáttir fyrir umferðarlagabrot og fíkniefnabrot.

Ákærði Sigurþór hefur frá árinu 1990 gengist undir sjö dómsáttir fyrir áfengislagabrot, umferðarlagabrot og líkamsárás. Þá hefur hann frá árinu 1990 hlotið sex refsiddoma fyrir þjófnað, fjársvik og líkamsárás, en þrjár dómanna eru fyrir líkamsárásir.

Ákærði Sverrir Þór hefur frá 1981 gengist undir þrjár dómsáttir fyrir umferðarlagabrot og fíkniefnabrot. Þá hefur hann gengist undir tvær lögreglustjórásáttir fyrir fíkniefnabrot og eina viðurlagaákvörðun fyrir umferðarlagabrot. Hann hefur frá 1984 hlotið þrjá dóma fyrir þjófnað, hylmingu og fíkniefnabrot.

Refsing ákærðu Birkis og Sigurþórs er ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir refsing hvers hinna ákærðu um sig hæfilega ákvörðuð fangelsi sex mánuði.

Ákærði Birkir sæti upptöku á 1,8 g af amfetamíni, 3,3 g af hassi og tveim töflum af MDMA, en ákærði Sigurþór sæti upptöku á 0,4 g af amfetamíni, og vísast til heimildar 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 vegna upptökunnar, en ekki 5. mgr. sömu greinar, en ákærvaldið hefur leiðrétt þessa tilvísun undir rekstri málsins.

Ákærði Birkir greiði verjanda sínum, Róbert Árna Hreiðarssyni héraðsdómsslögmanni 60.000 kr. í málsvarnarlaun.

Ákærðu Sigurþór og Sverrir Þór greiði verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni óskipt 90.000 kr. í málsvarnarlaun.

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt, þ. m. t. 60.000 kr. í sak-sóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, en Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissak-sóknara, flutti málið af hálfu ákærvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Birkir Herbertsson, Sigurþór Arnarsson og Sverrir Þór Einarsson, sæti hver fyrir sig fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Birkir sæti upptöku á 1,8 g af amfetamíni, 3,3 g af hassi og 2 töflum af MDMA.

Ákærði Sigurþór sæti upptöku á 0,4 g af amfetamíni.

Ákærði Birkir greiði verjanda sínum, Róbert Árna Hreiðarssyni héraðsdómsslögmanni 60.000 kr. í málsvarnarlaun.

2048

Ákærðu Sigurþór og Sverrir Þór greiði verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni óskipt 90.000 kr. í málsvarnarlaun.

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt, þ. m. t. 60.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð.
